

# Lög

## um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum (undanþága frá CE-merkingu).

---

### 1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 48. gr. getur Vinnueftirlit ríkisins, að fenginni rökstuddri beiðni, heimilað innflutning á persónuhlífum sem ekki eru CE-merktar til nota á heilbrigðisstofnunum, á starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna og fyrir viðbragðsaðila hér á landi vegna útbreiðslu COVID-19-sjúkdómsins.

Innflytjandi persónuhlífa skv. 1. mgr. skal tryggja að hlífarnar uppfylli viðurkenndar öryggis- og heilbrigðiskröfur, svo sem viðeigandi staðla.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2021.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 30. mars 2020.*